

85

7. sept.

2. gr.

90. gr., 1. mgr. hljóði svo: „Á tímabilinu frá 1. október til 31. maí skulu sölubúðir vera lokaðar virka daga frá kl. 7 síðdegis til kl. 8 árdegis, en frá 1. júní til 30. september frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis, nema á laugardögum frá kl. 10 síðdegis.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. sept. 1931.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

86

7. sept.

AUGLÝSING

um

staðfestingu stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupþún í Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 18., 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

Húsavíkurkaupþún í Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Mannsöfnuður eða uppbot, sem tálmar umferð á götu, vegi, eða svæði, sem almenningur fer um, má ekki eiga sér stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götu, vegi, torgi, bryggju, við kirkjudyrr, samkomuhúsdyr, eða annars staðar, þar sem almenningur fer um, þá skulu menn haga sér eftir fyrirmælum lögregluvaldsins, til að varðveita góða reglu.

3. gr.

86

7. sept.

Á alfaravegi, eða annars staðar þar sem almenningur fer um í kaupþúningu, má ekki fljúgast á, blístra, kalla, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða óstjórnlegt og móðgandi háttalag, sem raskar friði og allsherjarreglu eða ónáðar á einhvern hátt þá, sem um fara eða í nánd búa,

4. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr, glugga, eða utan húsvegg, hringja dyrabjöllu eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Enginn má skjóta úr byssu, riffli eða skanumbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum, yfir götu eða á götu né á svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings nota, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum, þeim er um fara. Nauðsynlegar sprengingar má aðeins gera við götur torg eða á almannafæri með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, enda er á þess manns ábyrgð, að allrar varúðar sé gætt.

6. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, stíkk eða klink; ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götu þetta á við. Sömuleiðis er bannað, að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Það er bannað, að sýna af sér hneykslanlega hegðun á almannafæri svo sem með því að viðhafa öläðislæti, eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap. einnig með því, að viðhafa ósæmileg orð, eða látbragð, ennfremur með því, að ganga dulklæddur eða í búningi, sem mishýður velsæmi, eða fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

Þá menn, er sökum öläðis hafa í frammi hávaða á almannafæri með hrópi, köllum eða á annan hátt, eða sýna af sér óskunda, svo sem með höggum eða barsmið, má setja í varðhald, og skulu þeir sæta sektum, eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða annarsstaðar svo nálægt landi að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja.

86

7. sept.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

10. gr.

Lögregluvaldið getur, að viðlögðum sektum, kafið sér til aðstoðar sérhvern fulltiða karlmann, sem nærstaddur er, ef þarf að afstýra óspektum eða annari óreglu á almannafæri, eða til að handsama þá er óspektum valda, og eru allir skyldir að hlýða því boði, en heimting eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir verða fyrir á fatnaði við slík tækifæri, en hreppssjóður á heimtingu á endurgreiðslu frá hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvæði til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur rjála neitt við opinberar eignir í hreppnum.

12. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast á umgirtu svæði, eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, eða fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Á almannafæri má enginn hengja upp né setja neitt, sem tálmað getur umferð manna, hvort heldur það eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja vörur, eða aðrar nauðsynjar heim til sín, og ekki geta lagt þær á eigin lóð, leggja þess konar frá sér, meðan á flutningnum stendur, en þeim ber að gæta þess, að gera öðrum sem minnstan farartálma.

14. gr.

Á götu, eða annarsstaðar á almannafæri, má ekki vinna neina vinnu sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt. Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja til þerris á götu, torgi eða öðru almannafæri, þvott og annað.

15. gr.

86

7. sept.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri, né heldur skvettu þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

16. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en til 10 á kvöldin, á tímabilinu frá 1. sept. til 14 maí, og ekki seinna kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg kaupstaðarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hreppsnefndar og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálma, með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því dimma fer að kvöldi, unz bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja götuna í samt lag aftur, á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús er rífið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almanna færi, skylt, að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið er byrjað, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma, og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, er húsgerðinni er svo langt komið að unnt sé, og skal mold, sem burt er tekin, flutt á kostnað eiganda á þann stað, er lögreglustjóri eða hreppsnefndin ákveður. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglustjóri krefst þess. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt, að ganga svo frá hússtaðnum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

86

7. sept.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar útbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsa-smiðar, og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, ur, og þeir sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm. há brik og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausa stiga, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið. Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi til greindur, þá á ábyrgð húseiganda.

20. gr.

Nú er hús, eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætta er búin, að það hrynji eða falli niður og getur þá lögreglustjóri bannað, að nota húsið og sagt eiganda fyrir, að gera slíkar endurbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. — Auk þess getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir í þessa átt. Sama er, þegar grjótgörðum, skiðgörðum eða öðrum girðingum liggur við hruni eða falli.

21. gr.

Áhöld öll, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum úr húsum skulu vera nægilega traust.

22. gr.

Seglfestu, grjóti eða nokkrum öðrum harka má ekki kasta í landinguna, nema þegar sé burtu tekið. Einnig er bannað að skilja eftir í landingunni eða á almannafæri úrgang sjávarafurða, sem getur orðið skepnum að meini. Skylt er mönnum að setja báta sína samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar eða hafnarnefndar.

III. KAFLI.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum kaupsinsins.

23. gr.

Þeir sem riða eða aka um götur kaupsinsins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir til að nema staðar, þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess. Á almannafæri má ekki riða eða aka hraðara en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð og gatan mjó eða farartálmi er á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á til teknu svæði, og þar sem

margir vagnar koma saman á einum stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

86
7. sept.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga. Menn sem mætast á götu, hvort sem þeir eru gangandi, ríðandi, akandi eða hjólandi, viki til vinstri handar hvor fyrir öðrum.

24. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á fælnum, höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar sem bíta eða slá skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur í ennistopp eða tagl.

25. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að vikja úr vegi og út af götunni fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

26. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Aktygin skulu vera haldgóð, og hesturinn vel girtur við vagninn. Sæti ökumanns á vagninum skal hagað þannig, að hann sjái vel fram undan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstramegin við vagninn og teyma eykinn.

27. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kennt að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Virsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuðið, fætur eða nára.

28. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestin um veitist létt að draga það. Því á að vera vel fyrirkomíð á vagninum, og fest svo að það haggist ekki. Það má hvorki ná langt út af vagninum eða dragast við jörðu. Um málmvarning skal svo búíð, að sem minnstur hávaði hljóttist af.

29. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir séu saman. Það er bannað að festa sleða og handvagna við aktól, sem hestum er

86 beitt fyrir. — Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður riða við hliðina á vagni.

7. sept.

30. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagna, eða hest, sem á undan fer.

31. gr.

Það er bannað að riða eða aka á móti skruðgöngum eða líkfylgdum, eða fram hjá þeim. Skal vikja úr vegi fyrir þeim ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

32. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst götujaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sé jafnhliða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau. Hreppsnefndin ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar.

33. gr.

Ökumenn og riðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

34. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, og skulu kjálkar vera á sleðunum, en ekki taugar. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna, einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, jafnframt sérreglum þeim, sem hér fara á eftir.

35. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir vikja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkra-vagna.

IV. KAFLI.

Um bifreiðar.

86

7. sept.

36. gr.

Bifreiðar nefnast í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu, og ætlað er til að flytja fólk eða varning.

37. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg, eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömu leiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innan kaupsins að næturlagi, og einnig þegar vegir, sökum bleytu eða holklaka þola eigi slíka umferð.

38. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir fyrirmælum laga um notkun bifreiða, nr. 56, frá 15. júní 1926, og reglugerð um bifreiðar 1. febrúar 1928, eða þeim lögum og reglugerðum, sem síðar kunna að verða settar þar að lútandi. Ljós skal tendra þegar birtu bregður eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra.

39. gr.

Bifreiðar mega því aðeins fara um götur kaupsins, að aftan á þeim séu skrásetningarmerki, þar sem eigandinn er búsettur, og ekkert annað merki.

40. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sé fullra 20 ára að aldri, og hafi ökuskrteini, er heimili honum að stýra bifreið, nema um undanþágu sé að ræða lögum samkvæmt. Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði, og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskrteini, og tölumerki ökuskrteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar meðan ekið er, og meðan hann situr við stýrið má hann ekki reykja og ekki tala við farþega. Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja, eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

41. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt tempra svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegir eru sleipir, og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar og má þar aldrei aka hraðar en svo, að

- 86** stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo að
7. sept. ekki slettist á aðra vegfarendur.

42. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka, og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

43. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða fyrir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni afturábak.

Hætta skal að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða.

44. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist. Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvél hennar. Bifreiðarstjóri skal og ávallt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um, að nema staðar.

45. gr.

Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru, eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI.

Um reiðhjól.

46. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur kaupsins, skulu gæta þess er hér segir:

- a. Á hjólunum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minnsta kosti annari hendi um stýrið, og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjólum hluti, sem valdið geta hættu, eða hindrað umferðina.

- b. Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð, og skal hjólmaður láta til hennar heyra, ef hætta er við árekstri, og ætíð er hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót. 86
7. sept.
- c. Á hverju hjóli skal, þegar dimt er, vera tendrað ljósker, og snúi fram og lýsi framundan sér. Ljós skal tendra eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra.
- d. Ökuhraði á hjólum má aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, og þar sem hjólmaður sér skammt frá sér í knöppum bugðum við gatnamót, þar sem mikil umferð er, og þar sem vegur er sleipur skal gæta sérstakrar varúðar, og má aldrei aka þar hraðara en svo að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur. Syklt er hjólmanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða verði órór.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum kaupsins nema með leyfi lögreglunnar.
- f. Ef slys vill til, sem stafar af, eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólmaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef þess er krafist, og hjálpa þeim er slasast hefir, ef þörf gerist. Hjólmaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóls ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem yngri er en 14 ára.

VI. KAFLI.

Um skepnuhald, ágang o. fl.

47. gr.

Það er á ábyrgð eiganda að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan skaða eða óskunda í kaupsinu, hvorki skemmi neitt eða fari inn í inngirt svæði, tún, matjurta- eða skrudgarða, enda getur tjónþoli handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann strax skýra lögreglustjóra frá handsömuninni eða öðrum málavöxtum. Sérstaklega ber skepnueigendum að hafa strangt eftirlit með þessu frá 25. maí til 20. sept. árlega. Á þeim tíma verður að hafa geitur í öruggri gæzlu, bæði til beitar og eins, þegar þær eru reknar heim til hýsingar eða mjalta eða frá, enda séu hýsingarstaðir geita ákveðnir eða leyfðir af hreppsnefndinni. Kiðlinga, dilka og geldfé má ekki hafa eftir 25. júní innan heima-landsgirðingar kaupsins. Undanþágu frá þessum ákvæðum getur þó hreppsnefnd gert í hörðum árum.

48. gr.

Enginn má láta hæns eða aðra alifugla gæzlulausa svo að þeir geti gert öðrum óskunda, eða fari inn í umgirt svæði manna.

86

7. sept.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kaupsins. Lausa hesta, á flækingi um göturnar getur lögreglan handsamað og ráðstafað á kostnað eiganda.

49. gr.

50. gr.
Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaupúninu, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga eftir tilvísun hreppsnefndarinnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá í afgirtum túnlóðum einstakra manna.

51. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti árgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus.

52. gr.

Enginn má siga hundi á annann, eða láta fyrirfarast að aftra því, þegar hann verður var við að hundur ræðst á mann. Hundar sem ráðast á menn eða skepnur eða elta skepnur út um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Hundar mega ekki vera lausir úti um nætur, svo nokkru ónæði valdi íbúum kaupsins.

53. gr.

Skyld er stjórnarvöldum hreppsins að láta rannsaka einu sinni á ári hvað margir hundar eru í hreppnum, og skulu þau ákveða, hverjir teljast skuli nauðsynja hundar.

Einnig er þeim skyldt að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju, samkvæmt því sem mælt er fyrir í reglugerð um lækning hunda af bandormum.

54. gr.

Skyld er öllum að hlíta fyrir mælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kaupsins, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.

VII. KAFLI.

Um mannvirki og lóðir.

55. gr.

Enginn má byggja í landi hreppsins neins konar hús, hvorki til íbúðar atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, og hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar, né á óleigðum lóðum, nema með

leyfi byggingarnefndar og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskreiti, girðingar og önnur mannvirki. 86

7. sept.

Mannvirki við höfnina má enginn gera nema eftir tillögum hafnarnefndar, og með leyfi hreppsnefndar.

56. gr.

Enginn má í landi hreppsins rista torf eða streng, stinga hnausa, rífa hrís eða lyng, nytja slægjur eða taka grjót, sand og mól án tilvísunar hreppsnefndar.

57. gr.

Skýlt er hverjum, er tekur svörð, í landi hreppsins, að ganga svo frá gröfum og haga grefti svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka upp svörð í landi kaupsins nema með leyfi og eftir tilvísun hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.

58. gr.

Enginn má án leyfis hreppsnefndar stífla læki eða ár í landi hreppsins, breyta farvegi þeirra eða leiða úr þeim kvíslar. Nú er einhverjum leyft þetta, og er hann skyldur til að gæta þess, að vatn það sem hann leiðir, valdi engum tjóni eða óþægindum.

VIII. KAFLI.

Um friðun almenningseigna.

59. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, eða á annan hátt spilla eignum kaupsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból manna, byggingar, rafáhöld, rafþræðir eða annað, sem ætlað er til almennings nota.

60. gr.

Enginn má rispa, mála, tjarga né skrifa á hús manna eða girðingar neitt það, er hneyksli getur valdið, eða skemmdum eða óþrýði á húsum manna eða mannvirkjum. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti eða tún. Það er og bannað, að klifra yfir þær, eða fara í gegn um þær, nema með leyfi eiganda. Gaddavirsgirðingar meðfram vegum kaupsins, skal leggja niður svo fljótt sem því verður við komið, eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum kaupsbúa; komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða sem hann gerir.

86

7. sept.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem girt er, eða ógirt, ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreit kaupsins, eða saurga hann á nokkurn hátt.

62. gr.

Enginn má veiða silung í Botnsvatni frá 15. ágúst til 15. október. Á öðrum tíma má með leyfi hreppsnefndar veiða þar silung í lagnet, á stöng og dorg. Önnur veiðataeki má ekki nota nema óvanalegar ástæður krefjist þess að dómi hreppsnefndar.

IX. KAFLI.

Um uppfestar auglýsingar.

63. gr.

Hreppsnefndin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega spjöld í því skyni, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda þá er lög-reglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögunum.

64. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, óhreinka, eða gera ólæsilegar á annan hátt.

X. KAFLI.

Um reglu á veitingastöðum og almennum skemmtistöðum.

65. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og óáfengra drykkja, eða gistingar fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæmt gestaskrá.

Hverjum sem hefir veitingasölu hverju nafni sem nefnist, er skylt að

gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góðar reglur.

86
7. sept.

66. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun, eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta drukknum manni í té neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

67. gr.

Veitingahúsum, knattborðsstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum öllum skal lokað eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, og allir gestir farnir þaðan fyrir 11½. Þó nær þetta ákvæði ekki til næturgesta á gistihúsum. Félögum, sem lög- reglustjóri þekkir, er með leyfi hans heimilt, að hafa þar dansleika eða aðrar skemmtanir, sem eigi eru bundnar við neinn vissan tíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Hið sama gildir og um samsæti einstakra tiltekinna manna.

68. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleika, hlutaveltu, dansleik, myndasýningu, samsöngva, fyrirlestra og aðrar opinberar skemmtanir nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði eftir ákvæðum hans í hvert sinn gjald í hreppssjóð, 5—100 kr.

Leyfishafi skal auk þess skyldur að hlýða þeim fyrirmælum, er lög- reglan kann að setja til þess, að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Leyfishafa er og skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ætíð nýræst þá er samkoma byrjar, og nægileg hrákailát til staðar.

69. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í kaптúninu nema með leyfi lögreglustjóra, og hreppsnefndar, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður hreppsnefndin og lögreglustjóri hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá gjald í hreppssjóð.

70. gr.

Á opinberum samkomum mega áheyrendur eða áhorfendur ekki trufla samkomuna með ósæmilegu látbragði eða hávaða, þannig að aðrir geti ekki notið þess er fram fer.

86

7. sept.

Í húsum þeim, sem opinberar samkomur eru haldnar, svo sem mynda-sýningar, sjónleikir, hljómleikar eða samsöngur, eða annað þessháttar, skulu vera að minnsta kosti tvennar dyr til útgöngu og skulu hurðirnar falla út.

71. gr.

72. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglunnar eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær.

Hann getur og bannað, ef honum sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

73. gr.

Meðan samkoma stendur yfir, skulu þeir eða sá, sem fyrir henni stendur, láta gæta allrar varúðar um eldhættu, og ef enginn býr í húsinu skal fullvissa sig um, áður en skilið er við það, að ekki sé neinstaðar í því óslökktur eldur.

74. gr.

Sérhverjum, sem sjúklinga hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

XI. KAFLI.

Um samgöngur við skip.

75. gr.

Lögreglustjóri hefir heimild til, ef hann álitur þess þörf, sökum sótt-varna ellegar til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir og bönn gegn samgöngum við skip er koma frá útlöndum eða eru útlend, en skýra skal hann þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

XII. KAFLI.

Um brunamál.

76. gr.

Meðan ekki er samin reglugerð um slökkvilið fyrir Húsavíkurbæ, kys hreppsnefndin 2 menn til 3. ára í senn, til þess ásamt lögreglustjóra að halda uppi lögreglu þegar eldsvoða ber að höndum og skipa fyrir um slökkvitilraunir og björgun, og er öllum skylt, að hlýða fyrirmælum þeirra, enda eru allir verk-færir menn skyldir að láta þá aðstoð í té, sem unnt er, til að slökkva eldinn.

77. gr.

Að því er snertir eftirlit með eldstæðum í kaптúnunum og hreinsun reyk-
háfa, er öllum skylt að hlíta fyrir mælum reglugerðar um eftirlit eldstæða og
hreinsun reykháfa í Húsavík.

86

7. sept.

XIII. KAFLI.

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

78. gr.

Til þess að hafa eftirlit með öllu því sem lýtur að almennum þrifnaði í
kaптúninu, skal vera heilbrigðisnefnd, í henni eiga sæti sjálfkjörnir lögreglu-
stjóri og héraðslæknir, og einn maður sem hreppsnefndin kys.

79. gr.

Á almannafæri má eigi kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðr-
um óhreinindum.

Allt slíkt, svo og innýfli úr skepnum, sem eigi eru notuð skal láta í
gryfjur þær, sem mykja og áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að láta sópa allan lausan
hroða af götunni fyrir sinni lóð, þegar lögreglustjóri fyrirskipar. Hey svörð
eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur við flutning um göt-
urnar, skal sá er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Mold, leifar og rusl og verkefni sem af húsbyggingum eða aðgerð á húsi
stafar, skal fara jafnóðum burtu.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kaптún-
inu, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefndin ákveður svo, að setja slor
og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota
það sjálfir.

80. gr.

Áburð og annað slíkt sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur
kaптúnsins í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim
hrynji meðan á flutningnum stendur.

81. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í
nánd við götur, stræti eða svæði sem almenningur fer um, nema í gryfjum, nægi-
lega byrgðum, og skal þó til þess hafa leyfi heilbrigðisnefndar.

Salerni skal vera við hvert hús, þar sem heilbrigðisnefndin ákveður.

86

7. sept,

Á húshliðum eða göflum sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng, né annað sem óþrífnaður er að, eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

82. gr.

83. gr.

Skepnum má eigi slátra á eða við götur kaupsins, eða á almannafæri, heldur skal þetta gert að húsabaki, eða innan grinda eða á lokuðu svæði. Það er bannað að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot á banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi lóðareiganda. Búfé skal deytt á löglegan hátt. Sulli skal brenna.

84. gr.

Í saurrennu má eigi kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stiflað rennurnar né heldur Búðarána og læki þá, sem renna um kaupsnið.

85. gr.

Þeir, sem saurrennur hafa frá húsum sínum þvert yfir götu, stræti eða svæði, skulu hafa svo um búið að lokræsi sé. Saurrennur allar, hvort heldur opnar eða lokaðar, skulu hreinsaðar að minnsta kosti einu sinni á ári eða oftar, ef heilbrigðisnefndin finnur ástæðu til að fyrirskipa slíkt.

86. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið, og skal leiða allt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið, eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur, og sjá um að afrennsli í þeim stíflist ekki.

87. gr.

Götur kaupsins og göturæsin skal hreinsa á kostnað sveitarsjóðs, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

88. gr.

Lifrarbræðsla, sildarbræðsla, eða verksmiðjuíðnaður má eigi fram fara á lóð kaupsins, nema þar sem heilbrigðisnefnd tilvisar.

Atvinna þessi skal standa undir sérstakri tilsjón heilbrigðisnefndarinnar, og er sá, sem hana rekur, skyldur til að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem lúta að því, að allur þrífnaður sé viðhafður, og allri hættu afstýrt.

89. gr.

Stampa, opnar tunnur eða önnur ílát með lifur, grút eða áburði má alls ekki hafa á almannaþæri eða við götur og stræti kaupsins, eða neitt það annað sem óðað leggjur af eða er til óþrífnaðar.

86

7. sept.

90. gr.

Ekkert hús eða herbergi í þeim má vera svo sett af mönnum að heilbrigði þeirra sé hættu búin. Um hvort svo sé, ákveður heilbrigðisnefnd.

91. gr.

Fiskverkun eða fiskþurkun skal aðeins fara fram á þeim svæðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður til þess.

XIV. KAFLI.

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

92. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrst og fremst fyrir Húsavíkarkauptún, þar með talið Húsavíkurtún, og fyrir aðra hluti Húsavíkurhrepps, að svo miklu leyti sem við á.

93. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

94. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 kr., ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra, eða annara sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsast þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

95. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður, en skyldur er hinn seki, að endurgreiða kostnaðinn að fullu, og má taka þann kostnað lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

96. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafist af einstökum mönnum greiðir sveitarsjóður.

86

7. sept.

Lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi 31. ágúst 1931, og fellur frá sama tíma úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupþún staðfest 10. maí 1920, svo og öll ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

97. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1931.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. september 1931.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

87

15. sept.

REGLUR

um

kosningu fulltrúa á aðalfund Sildareinkasölu Íslands.

Samkvæmt fyrirmælum í 4. gr. laga dags. 8. september 1931 um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri sild eru eftirfarandi reglur settar um kosningu fulltrúa á aðalfund Sildareinkasölu Íslands.

I. KAFLI

Kosning fulltrúa útgerðarmanna.

1. gr.

Kjördæmi skulu vera fjögur:

- a. Norðurland frá Langanesi að Horni.
- b. Vesturland frá Horni að Hítará.
- c. Suðurland frá Hítará að Hornafirði, hann ekki meðtalinn en Vestmannaeyjar meðtaldar.
- d. Austurland frá Hornafirði að Langanesi.

2. gr.

Stjórn Sildareinkasölunnar semur skrá yfir þau skip, sem atkvæði er fyrir samkvæmt nefndum lögum og sendir hana atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ mánuði fyrir kjördag. Á skrá þessari skulu